

Ályktun félagsfundar tækni- og hugverkagreina innan SI

Efni: nýsköpun, nýting vaxtartækifæra og efling útflutningsgreina framtíðarinnar

Félagsfundur tækni- og hugverkagreina innan SI, býður nýja ríkisstjórn velkomna til starfa og óskar eftir því að samstarf sem ríkt hefur milli tækni- og hugverkagreina og ríkisstjórna undanfarinna ára megi vaxa og dafna í þágu nýsköpunar, verðmætasköpunar og eflingar útflutningsgreina á komandi árum.

Í nýrri stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins er því slegið föstu að „**öflugt atvinnulíf er undirstaða vaxtar og velferðar. Ríkisstjórnin mun leggja kapp á að skapa starfsumhverfi sem ytir undir fjárfestingu og fjölgun starfa, ekki síst hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Sérstök áhersla verður lögð á vöxt útflutningsgreina, nýsköpun og nýtingu vaxtartækifæra framtíðarinnar, auk þess að tryggja jafnræði gagnvart lögum**“.

Félagsfundur tækni- og hugverkagreina tekur undir þessi orð og samtök innan þessara greina ásamt Samtökum iðnaðarins lýsa sig reiðubúin að starfa með nýrri ríkisstjórn og stjórnvöldum og leggja m.a. fram vel ígrundaðar áætlanir og útfærslur á lykilverkefnum til að vinna að settu marki. Það er von samtakanna að sjást muni skýr merki um framkvæmd í þá veru í fjárlagagerð fyrir árið 2014.

Hluttur tækni- og hugverkaiðnaðar á Íslandi hefur vaxið hröðum skrefum á undanförunum árum og nemur nú um 20% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar. Hundruðir frumkvöðla- og sprotafyrirtækja hafa sprottið upp og tugir tæknifyrirtækja hafa náð góðri fótfestu á alþjóðlegum mörkuðum á fjölbreyttum sérsviðum. Aðgangur að náttúruauðlindum takmarkar ekki vöxt þessara fyrirtækja – sem fyrst og fremst byggir á mannauði, þekkingu, menntun og alþjóðlegum markaðstengslum. Þrátt fyrir góðan árangur í uppbyggingu þessara fyrirtækja hér á landi er ástæða til að hafa áhyggjur af vaxandi fjölda fólks og fyrirtækja á leið úr landi. Þeirri þróun þarf að snúa við hið snarasta áður en í óefni er komið. Gjaldgengur gjaldmiðill án hafta, samkeppnishæft starfsumhverfi og virk tengsl við helstu markaðssvæði gegna þar lykilhlutverki. Stöðvun verkefna t.d. varðandi umbætur í hagtolugerð sem til stóð að fjármagna með IPA-stuðningi væri ekki til þess fallin að bæta upplýsingar um stöðu og þróun greinarinnar.

Í stefnumótun tækni- og hugverkaiðnaðarins kemur fram sú framtíðarsýn að Ísland verði aðlaðandi miðstöð tækni- og hugverkfyrirtækja sem grunnstoð í útflutningi og jákvæðum viðskiptajöfnuði. Tækni- og hugverkaiðnaðurinn hefur bent á tíu verkefni sem ráðast þarf í til að skapa forsendur fyrir að þessi sýn verði að veruleika.

1. Markvisst samstarf greinarinnar við stjórnvöld og þingflokka um framkvæmd áhersluverkefna.
2. Bætt hagtolugerð í þessum nýjum vaxtargreinum til að fylgjast með árangri og uppbyggingu.
3. Efling Tæknipróunarsjóðs og aukið svigrúm í endurgreiðslum varðandi rannsóknir og þróunarstarf fyrirtækja í tengslum við skattkerfið.
4. Menntastefna og menntakerfi í takti við þarfir fyrirtækja.
5. Ímyndar- og markaðsátak til að efla traust á Íslandi og laða að viðskiptavini, starfsfólk og fyrirtæki.
6. Laða hæfileikaríkt fólk til starfa í greininni á Íslandi – t.d. með einföldun reglna og skattahvötum.
7. Skattalegir hvatar til hlutabréfakaupa í nýsköpunarfyrirtækjum til fjárfesta og starfsmanna.
8. Átaksverkefni í formi markáætlana (Privat Public Partnership) stjórnvalda og fyrirtækja um þróun betri lausna og þjónustu fyrir minna fé, m.a. á sviði matvæla-, heilbrigðis-, mennta-, orku- og umhverfismála sem geta dregið úr sóun í fjárlögum, þörf fyrir niðurgreiðslur og leitt af sér afurðir sem eiga erindi á alþjóðlegan markað.
9. Afnáam gjaldeyrishafta og gera íslenskum fyrirtækjum kleift á ný að hafa höfuðstöðvar á Íslandi.
10. Straumflínulaga stjórn- og reglakerfið þannig að það sé í fremstu röð í alþjóðlegum samaburði og laði að fólk og fyrirtæki sem vilja starfa hér á landi með ábyrgum hætti.

Fyrirtæki í tækni- og hugverkagreinum innan Samtaka iðnaðarins (SI) starfa í fjölmörgum tæknigreinum og samtökum á sérsviðum, m.a. á sviði upplýsingatækni, líftækni, umhverfistækni (Clean tech), heilbrigðisíðnaðar, gagnavera og sprotafyrirtækja (þróunarfyrirtækja). Undanfarin ár hafa SI og samtök tækni- og hugverkfyrirtækja átt gott samstarf við ríkisstjórn og ráðuneyti innan Hátækni- og sprotavettvangs (HSV) sem var stofnaður í byrjun október 2008. Innan HSV hefur verið lögð áhersla á vandað stefnumótunarstarf og forgangsröðun áhersluverkefna sem samstaða ríkis um að skili sem mestum árangri fyrir uppbyggingu tækni- og hugverkaiðnaðar á Íslandi.